

# Kárahnjúkastífla og Háslón

## - nokkur efnisatriði til kynningar á fréttamannafundi 22. ágúst 2006

Í þjóðmálaumræðunni undanfarnar vikur hafa ítrekað komið fram efasemdir um öryggi stíflanna sem mynda munu Háslón Kárahnjúkavirkjunar, tilgátur um að mikið muni leka úr lóninu og fullyrðingar um að tiltekin stífla í Brasilíu hafi brostið. Þá hafa komið fram kröfur um óháða rannsókn. Landsvirkjun telur því ástæðu til að kynna stöðu mála og leiðréttu jafnframt misskilning og ýmsar ranghugmyndir.

- Byrjað verður að safna vatni í Háslón í síðari hluta septembermánaðar eins og gert er ráð fyrir í tímaáætlun framkvæmdarinnar. Þá hefur dregið úr sumarrennsli árinna og lónið fyllist til háls í haust og í vetur. Sumarið 2007 verður safnað áfram í lónið þar til það fyllist og af öryggisástæðum verður höfð stjórn á því hve hratt vatnsborðið hækkar. Kárahnjúkastífla verður vöktuð allan þennan tíma með umfangsmiklu neti mælitækja til að kanna hvernig mannvirkið sjálft og berggrunnurinn bregðast við fargi vatnsins.
- Á árinu 2000 var kölluð til nefnd óháðra sérfræðinga eins og venja er á alþjóðavettvangi þegar um svona stór mannvirki er að ræða. Í sérfræðinganefninni eru nú Kaare Hoeg frá Noregi, Nelson Pinto frá Brasilíu og Sveinbjörn Björnsson. Kaare Hoeg hefur verið í sérfræðinganefninni frá upphafi og einmitt núna var að ljúka sjötta fundi nefndarinnar með hönnuðum Kárahnjúkastíflu og fulltrúum Landsvirkjunar og framkvæmdaefirlits fyrirtækisins. Meginhlutverk sérfræðinganefnarinnar er að fylgjast með hönnun stíflanna, frekari rannsóknum, gæðum framkvæmdanna og að vera til ráðuneytis.
- Sérfræðinganefnin var með í ráðum þegar ákveðið var á sínum tíma hvers konar stíflur skyldu rísa við Kárahnjúka og lagði mat á aðstæður á stíflustæðunum út frá fyrirliggjandi gögnum. Niðurstaða hennar var að mæla með því að meginstíflan (Kárahnjúkastífla) yrði úr grjóti með steyptri forhlið. Nefndin taldi núverandi stíflustæði henta vel fyrir slíka stíflu. Hliðarstíflurnar yrðu einnig úr grjóti en með kjarna úr jökulruðningi.
- Hönnunarforsendur fyrir stíflurnar voru ákveðnar fyrir útboð verksins á árinu 2002. Þessar forsendur hafa verið yfirfarnar og endurskoðaðar jafnóðum í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið á framkvæmdatímanum og mannvirkin löguð að raunastæðum. Það er samdóma álit sérfræðinganefnar og hönnuða að stíflurnar séu byggðar af fullkomnu öryggi. Við Kárahnjúkavirkjun hefur frá upphafi verið fylgt alþjóðlegum venjum þar sem undirbúningur og framkvæmd fylgja ákveðnu ferli. Þekkingin vex stig af stigi og í lok hvers stigs er tekin ákvörðun um framhaldið.

- Undirbúningur Kárahnjúkavirkjunar stóð yfir mjög lengi. Fyrstu virkjunarhugmyndir voru útfærðar á sjöunda og áttunda áratugnum en ítarlegar rannsóknir hófust af meiri þunga á Kárahnjúkasvæðinu árið 1992. Jarðfræðirannsóknir voru mjög umfangsmiklar og raunar umfangsmeiri en þekkist hafa við virkjunarframkvæmdir hérlendis og jafnvel þó víðar væri leitað. Jarðfræðingar töldu virkjunarsvæðið við Kárahnjúka vera utan sprungusveims norður frá Kverkfjallaeldstöðinni og líkur á jarðhræringum þar í lágmarki. Rannsóknir á árinu 2004 leiddu hins vegar í ljós að austurmörk þessa sprungusveims ná inn í Háslón og að stíflustæðunum. Frá upphafi var gert ráð fyrir sprungum og kröftugri jarðskjálftaáraun á stíflurnar. Ekki hafa orðið hreyfingar á svæðinu síðustu 4000 árin. Mannvirkin eru þannig hönnuð og byggð til að standa af sér jarðhræringar sem þarna gætu hugsanlega orðið.
- Nýlega hafa komið fram skemmdir á steypukápum á háum, nýjum stíflum erlendis. Leki hefur hins vegar ekki verið umtalsverður af þessum sökum og öryggið í fullkomnu lagi á öllum stöðum. Ítrekað hefur verið fullyrt á opinberum vettvangi hérlendis að stífla í Brasilíu, sambærileg Kárahnjúkastíflu, hafi brostið fyrir á þessu ári og sé ónýt. Þetta er rangt. Lónið sem hér um ræðir tæmdist vegna bilunar í hjáveitugöngum og safnað verður vatni í það á nýjan leik eftir að viðgerð lýkur síðar á þessu ári.
- Fjölmargir þættir í hönnun og byggingu Kárahnjúkastíflu miða að því að fyrirbyggja sprungumyndun og leka. Sig fyllingarefnis stíflunnar, sem valdið gæti skemmdum, er til dæmis mun minna en gerðist með brasilísku stífluna fyrnefndu.
- Eitthvað lekur úr öllum lónum virkjana og Háslón verður þar engin undantekning. Leki úr Háslóni hefur verið áætlaður með reiknilíkani og þeir útreikningar hefur nýlega verið yfirfarnir og endurmetnir. Lekinn er talinn geta orðið um 5 rúmmetrar á sekúndu í upphafi og minnka síðan eftir því sem framburður árinna myndar set sem sem þéttir lónið. Slíkur leki væri innan þeirra marka sem miðað hefur verið við frá upphafi og yrði hlutfallslega minni en þekkist í ýmsum öðrum lónum hérlendis.